

Alþingi
Erindi nr. P 139/1798
komudagur 28.3.2011

Vísað er til tölvupósts frá 11.03.2011 frá menntamálanefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunnar um aukna fræðslu í skólum um skaðsemi áfengis.

Flm.: Árni Johnsen, Ólöf Nordal, Sigurður Ingi Jóhannsson,

Vigdís Hauksdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Þskj. 317 — 274. mál.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér fyrir því að aukin verði fræðsla um skaðsemi áfengis í grunn- og framhaldsskólum.

Skólanefnd Grundarfjarðar telur mikilvægt að forvarnir séu almennt auknar í grunn- og framhaldsskólum landsins. Við erum sammála því að leita þurfi allra leiða til að draga úr þeim fjölda ungmenna sem byrja áfengisneyslu fyrir tvítugt þrátt fyrir að landslög banni slíkt.

Jákvætt er að nokkur árangur virðist hafa náðst í þessari baráttu, betri þó á gunnskólastigi en framhaldsskólastigi, og ætti það að vera hvatning til áframhaldandi sóknar í forvarnarstarfi ungmenna.

Við viljum þó benda á mikilvægi þess að hugað sé að því að fjármagn fylgi auknum kröfum til forvarna. Vegna samdráttar í menntakerfinu, og þess veruleika sem skólastofnanir standa nú frammi fyrir, teljum við það nauðsynlegan þátt til að aukin fræðsla um skaðsemi áfengis verði í raun framkvæmanleg og til þess fallin að ná til þessa markhóps.

Virðingarfyllst,

Skólanefnd Grundarfjarðar